

OUTOTEAMSFUNDARGERÐ

SKJALALYKILL	VERKHEITI	
7852-002-FUN-006-V01	Svæðisskipulag Suðurlandis	
DAGS. / TÍMI FUNDAR	VERKKAUPI	
23.03.2021	SASS	
NR. FUNDAR	FUNDAREFNI	
06	<ol style="list-style-type: none"> 1. Umsögn Skipulagsstofnunar 2. Starfsreglur nefndarinnar-hugsanleg uppfærsla 3. Skipulagslýsing – athugasemdir og uppfærsla 4. Fundir í héraði, útfærsla hópavinnu 5. Umhverfisskýrsla 6. Svæðaskipting eftir náttúrufari 7. Önnur mál 8. Fundaáætlun fram á sumar 	
FUNDARGERÐ	FUNDARBOÐARI	FUNDARSTAÐUR
IS /AKH 23.03.2021	SASS	Fjarfundur
FUNDARMENN	FYRIRTÆKI	
Ari Björn Thorarensen, Helgi Sigurður Haraldsson Ásta Begga Ólafsdóttir, Egill Sigurðsson	Árborg Ásahreppur Bláskógabyggð Flóahreppur Grímsnes- og Grafningshreppur Hrunamannahreppur Mýrdalshreppur Rangárþing eystra Rangárþing ytra Skaftárhreppur Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Rósa Matthíasdóttir, Hrafnkell Guðnason Björn Kristinn Pálmarsson, Ása Valdís Árnadóttir Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón Bjarnason George Frumuselu, Einar Freyr Elínarson	UTU SASS Verkefnastjórn Verkfræðistofan EFLA	
Haraldur Birgir Haraldsson, Ágúst Sigurðsson Jóna Björk Jónsdóttir Björgvin Skafti Bjarnason Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi Bjarni Guðmundsson, Helgi Kjartansson, Eva Björk Harðardóttir, Anton Kári Halldórsson Gísli Gíslason, Ingibjörg Sveinsdóttir, Ragnhildur Gunnarsdóttir		
DREIFING	FYRIRTÆKI	
Bjarni Guðmundsson	SASS	

1. Umsögn Skipulagsstofnunar

Farið yfir umsögn Skipulagsstofnunar um drög að skipulagslýsingu. Einkum um hvort Árborg og Flóahreppur yrðu formlegir aðilar að vinnunni eða áheyrnarfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt. Rætt hefur verið við forsvarsmenn beggja sveitarfélaga, sem eru hlynnt því að verkefnið haldi áfram. Bæði sveitarfélögin eiga réttindi á svæðinu og því eðlilegt að þau séu með í vinnunni.

Stefnt er að fundi stjórnar með Skipulagsstofnun þar sem farið verður nánar yfir ákveðin atriði í umsögninni.

2. Starfsreglur nefndarinnar

Óskað hefur verið eftir því við Skipulagsstofnun að framsetning í starfsreglum varðandi aðild sveitarfélaganna að vinnunni verði með óbreyttu sniði. Samþykking þarf starfsreglurnar sem fyrst svo skipulagslýsingin geti farið í formlegt ferli.

3. Skipulagslýsing

Farið yfir mögulegar breytingar á skipulagslýsingu m.t.t. umsagnar Skipulagsstofnunar. Möguleiki er á að fella út umfjöllun um nokkur atriði, t.d. efnistökusvæði og náttúruvá en gerð er grein fyrir hvoru tveggja í aðalskipulagi hvers sveitarfélags.

Umræður:

Almennt viðhorf er að Skipulagsstofnun vilji draga of mikið úr vinnunni. Mikilvægt að sveitarfélögin ákveði hvað sett er fram og hvaða þætti er mörkuð stefna um. Skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögunum, þau ráða hvaða stefna verður sett fram. Ekki sé rétt að einfalda vinnuna á þessu stigi, eðlilegra að endurmeta þegar vinnan er komin lengra á veg.

Hafa megin göngu- og reiðleiðir inni. Leiðir endi ekki við sveitarfélagamörk. Verið að samræma þetta með svæðisskipulaginu.

Hvernig plagg verður svæðisskipulagið? Þarf að vera lifandi, á stafrænu formi og aðgengilegt fyrir alla. Skipulagið þarf að vera það opið að það hamli ekki uppbyggingu á einstökum svæðum. Ekki þurfi að gera miklar breytingar ef hugmynd er um uppbyggingu.

Skipulagslýsing er ekki endanlegt skjal um það hvernig eða hvaða þættir verða teknir fyrir í svæðisskipulaginu.

Niðurstaða:

Vilji er til að halda vinnunni áfram í meginráttum á þeim nótum sem lagt var upp með. EFLA gerir tillögu að uppfærslu á skipulagslýsingu í ljósi þeirra athugasemda sem Skipulagsstofnun setti fram. Fellum e.t.v. út efnistökusvæði og náttúruvá. Ekki tekið undir þá greiningarvinnu sem Skipulagsstofnun mælist til, t.d. flokkun vega í náttúru Íslands. Það er greining sem gerð er í aðalskipulagsvinnu og mörg sveitarfélög hafa þegar gert. Eins er með landslagsgreiningu að hún verði ekki of nákvæm því það kostar bæði tíma og peninga. Funda þarf með Skipulagsstofnun um skipulagslýsinguna og þá þætti sem svæðisskipulagið tekur til.

Uppfærð skipulagslýsing verði send tímanlega fyrir næsta fund svo tækifæri gefist til að lesa hana vel.

4. Fundir í héraði – útfærsla hópavinnu

Hugsanlega að hafa Teams-fund í apríl og fjalla um skipulagslýsinguna og kynna vinnuna fyrir lykilmálki í héraði.

Rætt hefur verið um minni staðarfundi 12. og 13. apríl. Þar yrði verkefnið kynnt inn í stærri hóp heimamanna og virkja þá með í hugmyndavinnu. Stefnt að því að leggja verkefni fyrir þessa hópa til að dýpka vinnuna. Sveitarstjórnarfolk kemst þá betur inn í vinnuna.

5. Umhverfisskýrsla

Farið yfir framsetningu umhverfisskýrslu. Hvernig umhverfismati stefnunnar verður háttað. Hvaða viðmið verða notuð við mat á áhrifum.

Fjallað um óbyggð víðerni og hvernig þau eru sett fram. T.d. varðandi mismunandi mikla/litla skerðingu víðerna eftir stærð og umfangi mannvirkis.

Minnst á mögulegar sviðsmyndir varðandi greiningu valkosta. Stefna í aðalskipulögum sveitarfélaga er að einhverju leyti misjöfn svo gengið er út frá því að núll-kostur sé staðan eins og hún er í dag, þ.e. engin uppbygging á vegum, viðhald þeirra í lágmarki, engin frekari uppbygging skála.

Aðrar sviðsmyndir (B-D) snúast um hversu mikið á að byggja upp vegi og hvar og hvernig þjónusta verður byggð upp. Horft er til lítillar uppbyggingar, miðlungs uppbyggingar og mikillar uppbyggingar. Hugsað um að skerða ekki óbyggð víðerni.

Umræður:

Mögulega velja sveitarfélög mismunandi sviðsmyndir sem þeim hugnast best. Áhugavert að vinna með það ef þannig fer. Möguleiki að blanda saman sviðsmyndum og breyta. Auðveldara að hafa skoðuna á þessu þegar valkostirnir eru orðnir betur mótaðir.

6. Svæðaskipting eftir náttúrufari

Minnst á kortlagningu landsagsgerða sem unnin var fyrir Skipulagsstofnun. Ætlunin er að vinna þá greiningu í aðeins nákvæmari mælikvarða. Niðurstaðan verður einsleit svæði sem hægt er að leggja mat á út frá ýmsum þáttum, t.d. gróðurfari, grunnvatni, auðlindum.

7. Önnur mál

Rætt um hvort rétt sé að fella út umfjöllun um námur. E.t.v. má fjalla um þær með almennum hætti eins og ráðgert var í upphafi. Gerð er grein fyrir námum í aðalskipulögum sveitarfélaganna.

8. Fundaáætlun fram á sumar

Mikilvægt að halda áfram að funda út maí.

Verkefnastjórn fundar með Skipulagsstofnun við fyrsta tækifæri.